



Litla upplestrarkeppnin 15 ára

Að verða betri í lestri í dag en í gær

Litla upplestrarkeppnin hefst nú formlega í fimmtánda sinn. Það er óhætt að segja að keppnin sé orðin landsverkefni þar sem rúmlega þrjú þúsund nemendur í 4. bekkjum á landinu tóku þátt sl. skólaár. Litla upplestrarkeppnin hófst í Hafnarfirði á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar en verkefnið var mótað með kennurum sem þá kenndu fjórða bekk en undirrituð stýrði þeirri vinnu.

Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Kennarar sem hafa tekið þátt eru sammála um mikilvægi Litlu upplestrarkeppninnar og vekur hún bæði ánægju, eflir sjálfstraust og bætir lestrarfærni.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu við heimilin og kennarar hvattir til að upplýsa foreldra um keppnina og í hverju verkefnið sé fólgið. Flestir foreldrar þekkja Stóru upplestrarkeppnina og því er nauðsynlegt og þarf að vera alveg ljóst frá upphafi að þó markmiðin séu þau sömu þá er verkefnið lagað að yngri nemendum og öll nálgun bæði á ræktunartímabilinu og á lokahátíð með öðrum hætti.

Þá er áriðandi að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta bæði keppt að betri árangri og sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem stuðningur við þær aðferðir og vinnu sem er í gangi hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mikla gleði og samkennd nemenda er **talkórinn**. Það má því með sanni segja að það hlýtur að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Að lokum er gaman að geta þess hér að Litla upplestrarkeppnin hefur nokkrum sinnum hlotið viðurkenningu hjá Heimili og skóla og einnig frá Foreldraráði Hafnarfjarðar.

Á haustdögum 2024.
Ingibjörg Einarsdóttir
Verkefnisstjóri og form. Radda, samtaka um
vandaðan upplestur og framsögn.